



Landskrifstofa Erasmus+ hjá Rannís

Staða alþjóðafulltrúa í starfsmenntun

Desember 2024



Maskína

Efnisyfirlit

Markmið og framkvæmd	3
Helstu niðurstöður	4
1. Alþjóðastarf í skólanum	6
2. Starf og umhverfi alþjóðafulltrúa	8
3. Áhrif námsferða	10
4. Að lokum	11

Markmið og framkvæmd

Rannsókn þessi er gerð af Maskínu fyrir Landskrifstofu Eramsus+ hjá Rannís í kjölfar spurningakönnunar sem lögð var fyrir alþjóðafulltrúa í framhaldsskólum og stofnunum um land allt. Markmið hennar er að kafa dýpra í umhverfi alþjóðafulltrúa og fanga þá stemmingu og viðhorf sem eru ríkjandi gagnvart alþjóðastarfi innan skólanna. Rannsóknin er eigindleg og fóru viðtölin fram á Teams dagana 16.–18. desember 2024.

Maskína sá um boðun í djúpvíðtölin og voru þeir sem gáfu kost á sér til þeirra í spurningakönnuninni valdir af handahófi. Alþjóðafulltrúarnir sem tóku þátt í viðtölunum starfa við skóla bæði á og utan höfuðborgarsvæðisins.

Spurningar í djúpvíðtölunum voru unnar í samstarfi Landskrifstofunnar og Maskínu

Það skal ítrekað að þessi rannsókn er eigindleg og því ekki leitast við að álykta um skoðanir allra alþjóðafulltrúa út frá skoðunum þeirra sem tóku þátt í djúpvíðtölunum. Ætlunin er að fá innsýn í hugarheim þessa hóps og gefa þeim tækifæri að tjá hug sinn.

Hér á eftir er samantekt á svörum þátttakenda.

Reykjavík, 3. janúar 2025.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Freyja Þorvaldar.

Helstu niðurstöður

Meirihluti skólanna hefur unnið alþjóðastefnu, en framkvæmd hennar innan skólanna er mjög misjöfn. Í einhverjum tilfellum er hún sáralítið ef eitthvað notuð og í þeim skóla þar sem engin stefna hafði verið mótuð virtist starfið vera í einna föstustu skorðunum þrátt fyrir enga stefnu. Í sumum skólum hefur áhugi stjórnenda á alþjóðastarfi bein áhrif á áherslur og umfang þess innan veggja skólanna. Áhugasamir stjórnendur greiða götu alþjóðastarfsins. Veggspjöldin frá Landskrifstofunni höfðu borist öllum skólunum en í einhverjum skólum var ákveðið að hengja veggspjöld upp í janúar til að ná til nemenda þegar þeir eru aftur á staðnum eftir jólafrí. Kynningar eru aðallega framkvæmdar af alþjóðafulltrúum, en þátttaka og stuðningur annarra kennara í kynningastarfinu fer eftir áhuga þeirra. Þá var kynningarstarfið ólíkt á milli skóla og voru áherslurnar misjafnar eftir því hvort lögð er áhersla á hópferðir eða einstaklingsmiðaðar ferðir.

Alþjóðafulltrúar starfa yfirleitt við 25% starfshlutfall, sem flestir telja of lágt miðað við umfang starfsins. Fulltrúarnir eiga oft erfitt með að sinna alþjóðaverkefnum þegar álag vegna annarra starfa, eins og kennslu, skarast. Aðstæður til starfsins eru einnig mismunandi, og það hefur komið fram að meiri stuðningur, t.d. í formi fundarherbergja eða sérstaks tíma í stundatöflu, myndi bæta aðstæður. Fulltrúar myndu einnig vilja að Landskrifstofan setti fram skýrari viðmið um starf alþjóðafulltrúa og starfshlutfall þeirra. Áhugi starfsfólks og kennara á alþjóðastarfi er breytilegur, þar sem sumir kennarar eru mjög áhugasamir á meðan aðrir hafa minni eða engan áhuga. Í einum skóla hefur verið lögð áhersla á þverfaglegar ferðir fyrir kennara, sem hefur bæði styrkt samstarf milli deilda og aukið áhuga á alþjóðastarfi. Áhugi stjórnenda er einnig mjög misjafn. Það kom skýrt fram að þar sem stjórnendur eru áhugasamir og jákvæðir fyrir alþjóðastarfi er meira rými til að setja aukið þúður í það. Auk þess sem þeirra viðhorf getur smitast yfir í kennara og annað starfsfólk. Þar má nefna mikilvægi þess að stjórnendur séu jákvæðir fyrir því að starfsfólk og nemendur sækji námsferðir á vinnutíma, en það hefur greinileg áhrif á vilja kennara og annars starfsfólks til að fara í slíkar ferðir.

Áhrif námsferða á nemendur er heilt yfir mjög jákvæð. Mörg dæmi eru um nemendur sem hafa átt í erfiðleikum félagslega eða andlega og taka út mikinn þroska í ferðum sínum. Sumir nemendur hafa fundið aukið sjálfstraust og opnari tjáningu eftir ferðir. Alþjóðafulltrúarnir gátu fæstir merkt breytan áhuga nemenda á að taka þátt í námsferðum en í nokkrum skólum hefur áhuginn aukist. Sérstaklega í þeim skólum þar sem alþjóðastarfið hefur verið mikið til umræðu hjá nemendum og þeir geta kynnt það hver fyrir öðrum og miðlað af eigin reynslu til skólafélaga. Jákvæð áhrif námsferða á starfsfólk komu einnig fram í viðtölunum. Ferðirnar hafa leitt af sér nýja áfanga og þverfaglega samvinnu milli deilda. Einnig hefur þátttaka í ferðum styrkt

samstarf bæði kennara og deilda og bætt starfsánægju. Kennarar sem fara í námsferðir deila reynslu sinni með samstarfsfólki og hjálpa þannig til við að auka áhuga á alþjóðastarfi innan skólans.

Þátttakendur voru almennt mjög ánægðir með verkefnið og þakklátir fyrir að fá tækifæri til að deila skoðunum sínum um alþjóðastarf. Margir viðmælendur hrósuðu Rannís og Landskrifstofunni fyrir góðan stuðning og úrræði sem hafa verið í boði fyrir alþjóðafulltrúa.

1. Alþjóðastarf í skólanum

Alþjóðastefna

- Meiri hluti skólanna hafði unnið alþjóðastefnu en mjög misjafnt var hvernig hún var notuð innan veggja skólans.
- Í einhverjum tilfellum höfðu þeir alþjóðafulltrúar sem sinntu starfinu í dag ekki komið að gerð hennar. Í öllum tilfellum kom skólameistari viðkomandi skóla að vinnunni.
- Í einum skóla var ráðgert að ráðast í gerð alþjóðastefnu strax eftir áramót.
- Alþjóðastefnan er í öllum tilvikum aðgengileg á heimasíðu skólanna en einhverjir nefndu að meira mætti gera úr henni þar.
- Viðhorf til alþjóðastefnu og það rými sem henni er veitt innan hvers skóla fyrir sig endurspeglast mjög í áhuga stjórnenda á alþjóðastarfi.
- „Stjórnendur vilja skreyta sig með alþjóðastarfi þegar það á við en sá áhugi er ekki alltaf til staðar þegar þarf að leysa ýmis mál tengd alþjóðastarfinu.“

Veggspjöld

- Veggspjöldin frá Landskrifstofu Erasmus+ voru búin að berast öllum en aðeins komin upp í einum skóla þar voru þau hengd upp hjá námsráðgjöfunum til að reyna að ná sem best til nemenda.
- Flestum fannst betra að hengja spjöldin upp í janúar þegar nemendur væru meira á svæðinu heldur en að setja þau upp í miðjum prófum.
- Einn viðmælandi nefndi að á einhverjum veggspjöldunum mætti e.t.v. vera meira af texta en ekki bara QR kóði. Veggspjöldin gætu verið ólík og náð þá til ólíkra hópa.
- Einn talaði um að setja upp í janúar og halda kynningu á starfinu samhliða fyrir nemendur.

Kynningar á alþjóðastarfi

- Kynningar á alþjóðastarfi eru í öllum tilfellum að einhverju leiti á hendi alþjóðafulltrúanna sjálfra en svo er breytilegt hversu vel þeir virkja annað starfsfólk með sér í því.
- Í sumum tilfellum eru ákveðnir kennarar og/eða fagstjórar mjög virkir en það stjórnast nokkuð af áhuga þeirra á alþjóðastarfinu almennt. Það er mjög breytilegt hversu mikinn áhuga kennararnir hafa, sumum vex þetta mjög í augum á meðan aðrir sjá mikil tækifæri.

- Einn viðmælandi sagði kennara í ákveðinn deild nota alþjóðastarfið sem eins konar gulrót fyrir nemendur til að velja þá braut. Að hluti af þessari tilteknu námsbraut væri starfsnám eða námskeið erlendis. Það höfðar til ákveðinni nemenda.
- Misjafnt er hversu formfastar kynningarnar eru innan skólanna og flestir reyna að kynna starfið í byrjun haustannar en aðrir vilja kynna í upphafi beggja anna.
- Í einum skóla hefur Landskrifstofa Erasmus+ komið og haldið kynningu sem var vel heppnuð.
- Eðli kynningarstarfsins stýrðist einnig að einhverju leyti af því hvort meira væri lagt uppúr hópferðum eða einstaklingsmiðuðum ferðum. Það kom fram mjög ólík upplifun í skólunum hvort nemendur hefðu meiri áhuga á því að fara ein síns liðs eða í stærri hópi.
- Alþjóðastarf er kynnt við mörg tilefni í skólunum sem dæmi má nefna við útskriftir, á kennarafundum, á opnum fundum með öllum verknámsnemunum sem eru komin á annað ár eða lengra og svo með hefðbundnari leiðum eins og tölvupósti.
- Í þeim skóla þar sem mest var lagt upp úr einstaklingsmiðuðum ferðum talaði alþjóðafulltrúinn mikið um gott ut anumhald við nemendur og góðri eftirfylgni við alla þá sem sýndu starfinu áhuga. Þar voru haldnar kynningar í hverri deild og í framhaldinu var öllum boðið í viðtal sem vildu. Þannig væri hægt að kafa í áhugasvið hvers og eins og finna starfsnám eða námskeið sem passar hverjum og einum.
- Í öðrum skólum voru hópferðirnar mun vinsælli og að „tilbúnaðar pakkaferðir“ væru það sem nemendur óskuðu helst eftir. Það væri minnsta fyrirhöfnin fyrir þau sjálf.
- Það er erfitt að segja með algjörri vissu að kynningarnar nái til allra nemenda skólanna en greinilegt er að alþjóðafulltrúarnir leggja sig fram um að koma þessum skilaboðum áleiðis þó nýttar séu til þess ólíkar leiðir.

Hvatning kennara og vitneskja nemenda

- Einn alþjóðafulltrúinn sagði að það vekti yfirleitt áhuga nemenda þegar tekið væri á mótí hópum, hvort sem er nemendum eða kennurunum, að utan og í kjölfar þess bærust gjarnan fyrirspurnir frá forvitnum og áhugasömum nemendum.
- Hvatning frá kennurum getur skipt miklu máli og margir kennarar hafa sjálfi verið erlendis. Þegar þeir deila sinni reynslu með nemendum getur það vakið áhuga þeirra.
- Alþjóðafulltrúar veita kennurum stuðning og hvatningu til að hvetja nemendur til að kynna sér alþjóðastarf, eins konar keðjuverkun.
- Þeir skólar sem voru annað hvort að ganga frá Erasmus+ aðild eða voru komnir með hana sögðu það mikla breytingu og létu vel af. Einn benti á að með aðild væri hægt að víkka út hópinn sem nýtti sér alþjóðastarfið.

- Í skóla þar sem bæði er boðið upp á bóknáms- og verknámsbrautir sagði alþjóðafulltrúinn að nú væri verið að ganga frá aðild fyrir bóknámsbrautina líka. Það opnar ný tækifæri.
- Vilji nemenda til að fara út var mjög misjafn eftir skólum. Í einum skóla þar sem erfitt hefur verið að fá nemendur til að nýta sér skiptinámið benti viðmælandinn á að þeir sem væru í iðnnámi væru mjög eftirsóttir á vinnumarkaði og að verktakar og fyrirtæki nálguðust framtíðarstarfmenn í skólanum. Þetta gerði henni stundum erfitt fyrir þar sem nemendur horfðu á það sem tekjumissi að fara í ólaunað starfsnám erlendis. Einnig kom fram í máli hennar að margir nemendur sem væru í verknámi litu á sig sem lakari nemendur, og hefðu fengið þau skilaboð frá skólakerfinu í gegnum árin, og teldu sig því ekki hafa það sem til þarf til að fara erlendis í alþjóðastarf.
- Flestir alþjóðafulltrúarnir leggja mikið uppúr því að kennarar séu meðvitaðir um það sem er í boði svo að þeir geti miðlað því til nemenda eins og við á.
- Það var misjafnt eftir skólum hvort að nemendur voru meðvitaðir um að hægt væri að taka hluta vinnustaðanámsins í Evrópu. Það skýrist fyrst og fremst af ólíkum áherslum alþjóðafulltrúanna í kynningarstarfinu.
- Nemendur úr einum skóla höfðu nýtt sér vinnustaðanám eftir útskrift en ekki var vitneskja um þann möguleika meðal nemenda í öllum skólunum.

2. Starf og umhverfi alþjóðafulltrúa

Starfsskilyrði alþjóðafulltrúa

- Allir alþjóðafulltrúarnir nema einn sem tóku þátt í viðtölunum voru í 25% starfshlutfalli í starfi alþjóðafulltrúa. Allir voru sammála því að umfang starfsins væri mun meira. Einn nefndi að eðlilegra starfshlutfall væri 50%.
- Aðstæður hvers og eins voru ólíkar en þeir sem voru að sinna kennslu samhliða starfi alþjóðafulltrúa töluðu um að erfitt væri þegar álagspunktur sköruðust.
- Sérmerktur tími, til dæmis í stundartöflu, og aðstaða eins og skrifstofa eða fundarherbergi til að sinna þessum verkefnum var einnig nefnt.
- Væri gott að hafa lítið teymi innan skólans sem hægt væri að funda með einu sinni til tvisvar í mánuði og ræða starfið, getur verið krefjandi og einmanalegt að vera bara einn að vinna að þessum málum.
- Einn viðmælandi taldi það hjálplegt ef gefin væru út einhver viðmið frá Landskrifstofunni um skilgreiningu á starfi alþjóðafulltrúa auk þess sem gerð væri tillaga að starfshlutfalli. Annar tekur í sama streng og vill ekki þurfa að ákveða umfangið sjálf, þ.e. hversu mikið sé í boði, hversu mörgum er tekið á móti o.s.frv..

Áhugi starfsfólks

- Áhugi starfsfólks er misjafn á milli deilda. Sumir kennarar eru „búnir með þennan pakka“ en öðrum vex þetta í augum og þykir of mikil pappírsvinna fylgja sem þarf að sinna utan vinnutíma. Annað starfsfólk er mjög áhugasamt.
- Einn skólinn hefur lagt áherslu á að skipuleggja þverfaglegar ferðir fyrir kennara af ólíkum brautum, það getur bæði styrkt böndin á milli starfsfólks og deilda en einnig leitt af sér skemmtilegt samstarf á milli deilda og brauta.
- Einn viðmælandi benti á að áhugi að utan um að koma í heimsókn hingað væri mun meiri en áhuginn í kennarahópnum í hennar skóla. Ákveðnar brautir væru mjög vinsælar og það gæti skapað mikið álag á ákveðna kennara. Því væri gott að fá viðmið frá Landskrifstofunni um hvað væri „rétt að taka á móti mörgum“. Þá mætti dreifa álaginu á bóknámsskóla í greinum þar sem aðsókn er mikil og var jarðfræðin sérstaklega nefnd í því samhengi.

Aukið alþjóðlegt starfssamstarf

- Einn alþjóðafulltrúinn sagði bestu leiðina til að efla alþjóðastarf væri með öflugum kynningarstarfi. Í því samhengi sæi hún fyrir sér myndbönd þar sem nemendur sem væru búin að fara í ferðir segðu frá reynslu sinni.
- Tækifæri til að efla alþjóðastarf á bóknámsbrautum.
- Til að geta gert starfið enn reglubundnara vantar skýrari ramma og stefnu utan um það til hvers er ætlað af alþjóðastarfinu í skólanum.
- Væri hjálplegt að fá meira kynningarefni frá Landskrifstofunni. Einnig væri gott að fá merktan varning til að gefa krökkunum, t.d. penna, og minna þannig á starfið.

Skilningur stjórnenda vegna námsferða á vinnutíma

- Skilningur stjórnenda var mjög misjafn og greinilegt að þar sem starfið var öflugast voru stjórnendur mjög hlynntir því og sýndu því mikinn skilning.
- Í einum skólanum var búið að fara í gegnum mjög ítarlegt samtal þegar nýir stjórnendur komu inn og það rætt gaumgæfilega að ef að ætti að vera hægt að sinna alþjóðastarfi þá væri nauðsynlegt að kennarar gætu farið á vinnutíma.
- Í öðrum skóla var þetta mjög erfitt og mikill þrýstingur frá stjórnendum að kennarar eyddu sem mestum tíma með nemendum á meðan á kennslu stæði. Svo voru dæmi um allt þar á milli.
- Í einhverjum skólum hefur þetta valdið togstreitu á milli starfsfólks þar sem talað sé um að það sé alltaf sama fólkið sem fari.

Þjálfun og efni á vegum Landsskrifstofu

- Almenn ánægja með það sem nú er í boði.
- Nokkrir nefndu að það væri mjög mikilvægt að hitta aðra sem væru að sinna sömu verkefnum annars staðar þar sem hlutverk alþjóðafulltrúa gæti verið einmanalegt og fáir ef einhverjir innan skólans sem hægt væri að spegla starfið í.
- Mikilvægt að heyra hvað aðrir eru að gera, þá getur fólk fundið lausnir á sínum vandamálum og hjálpað öðrum að finna sína lausnir.
- Hugmyndir um að koma á paravinnu með öðrum skólum, tveir og tveir saman þar sem lagt væri upp úr aukinni samvinnu á milli skóla.
- Annar nefndi að aukið samstarf á milli skóla í sama landshluta gæti verið skammtilegt.
- Vinnustofa um inngildingu sérstaklega nefnd sem vel heppnuð, hugmynd um að koma með hana inn í skólana þar sem hún gæti verið mjög gagnleg fyrir kennara.
- Almenn aðstoð við umsóknir kom einnig fram í máli nokkurra og þá sérstaklega þegar breytingar eru gerðar á umsóknarferlinu og/eða viðmótinu breytt.
- Mikilvægt að þegar nýtt fólk kemur inn í starfið geti það nálgast efni og þjálfun til að koma sér inn í málin, hvernig skýrslur og umsóknir séu gerðar.
- Námskeið á Krít nefnt sem vel heppnað þegar kemur að aðstoð við gerð umsókna.
- Fylgiskjölin gátu vafist fyrir einum viðmælanda og viðkomandi vildi gjarnan fá betri þjálfun og fræðslu um þau.
- Þátttaka í verknámskeppnum sé of kostnaðarsöm og styrkurinn nær ekki utan um þann kostnað sem hlýst af því.
- Þeir sem voru staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins bentu á nokkur atriði til að koma til móts við þau varðandi þjálfunina:
 - Halda á laugardegi svo þeir sem sinna kennslu samhliða hafi tök á að mæta
 - Halda utan höfuðborgarsvæðisins stundum
 - Að geta horft á upptökur eftir á
 - Hafa góðan aðdraganda svo fólk geti skipulagt í kringum ferðir
 - Hafa ekki þegar vetrarfærð getur verið slæm
- Tekið fram af nokkrum að sú hjálpa sem er veitt af vegum Landsskrifstofunnar væri mjög góð og að starfsfólkið væri boðið og búið til að hjálpa eins og kostur er. Svári hratt og sé liðlegt.

3. Áhrif námsferða

Áhrif námsferða fyrir nemendur

- Það fer eftir skólum og eðli ferðanna hvernig nemendur fengu þær metnar.
- Stundum einingar, stundum viðurkenningar eða staðfestingar frá samstarfsaðila erlendis og sumir skólar veita einnig viðurkenningu eða staðfestingu þegar heim er komið.
- Í sumum tilfellum er námsferð hluti af verkefni í áfanga.
- Öllum viðmælendum bar saman um að óformleg áhrif námsferða á nemendur væru umtalsverð. Margar mjög skemmtilegar dæmisögur teknar af krökkum sem ýmist áttu erfitt uppdráttar félagslega eða voru að glíma við önnur vandamál og tóku út mikinn andlegan þroska í námsferðum sínum.
- Dæmi um öruggari tjáningu, aukið sjálfstraust og fleira í þeim dúr.
- Það er misjafnt milli skóla hvort að hægt sé að merkja breyttan áhuga að undanförunu, en enginn hafði tekið eftir minni ferðavilja vegna loftlagsmála. Flestum fannst áhuginn óbreyttur en í tveimur skólum hafði áhuginn aukist. Það var helst rakið til þess að alþjóðastarfið hafði spurst út á milli nemenda.

Áhrif námsferða fyrir starfsfólk

- Í einum skólanum var það hluti af námsferð kennara að segja frá ferðinni sinni á kennarafundum, hvaða lærdóm megi draga af henni og deila hugmyndum með samstarfsfólki sínu. Í öðrum skólum var það ekki eins formfast.
- Sumir skólar veita starfsfólki viðurkenningu og staðfestingu á ferðinni en aðrir ekki.
- Dæmi eru um að námsferðirnar hafi leitt af sér nýja áfanga og skili sér inn í kennslustofurnar með ýmsum hætti. Einnig hafa þær leitt af sér þverfaglegt samstarf á milli deilda með nýjum viðbótum í kennsluna.
- Námsferðirnar geta einnig styrkt böndin á milli kennara og haft góð áhrif á starfsánægju og starfsandann.
- Einn nefndi að það hefði jákvæð áhrif á ferðavilja kennara þegar alþjóðafulltrúi skólans væri sjálfur mjög áhugasamur og ræddi mikið um alþjóðastarf á kaffistofunni og annars staðar.

4. Að lokum

Er eitthvað sem þú villt koma á framfæri að lokum?

- Þátttakendur voru ánægð með að fá tækifæri til að segja sína skoðun á alþjóðastarfi og hrósuðu margir Rannís og Landskrifstofu Erasmus+ fyrir gott starf og stuðning við alþjóðafulltrúa almennt.

- Þetta verkefni hefði einnig fengið sum þeirra til að hugsa um leiðir til að bæta sig í starfi og hvar væru möguleikar á úrbótum.